

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Sveinn Arnarson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir: Solveig Hrafnisdóttir náms- og starfsráðgjafi
Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs
Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð og mál til kynningar

1008042

Fundargerð 304. fundar var borin upp og samþykkt.

Rektor sagði frá nýafstaðinni IASSA ráðstefnu í HA sem tókst mjög vel í alla staði. Framlag HA til ráðstefnunnar var í formi afsláttar á leigu fyrir húsnæði og aðra aðstöðu. Meistaraneimar voru til taks til aðstoðar með tæknimál. Taldi rektor ráðstefnuna hafa haft mikið gildi og auk þess margvísleg góð hliðaráhrif. Sagði rektor frá ráðstefnu um fjölmiðla sem haldið verður í HA í ágúst. Ennfremur frá því að háskólaráð þarf e.t.v. að koma saman á aukafundi vegna ráðningar forseta hug- og félagsvísindasviðs, og vegna ráðningar lektors á sviðinu.

2. Skýrsla teymis um brotthvarf

100900

Solveig og Steinunn komu á fundinn og bauð rektor þær velkomnar. Solveig kynnti fyrst skipan og vinnulag teymisins, notkun hugtaka o.fl. sem lýtur að stöðuskýrslunni. Greindi hún frá helstu úrræðum sem nú eru fyrir hendi, og áætlunum um frekari úrræði. Steinunn fór síðan yfir tölulegar upplýsingar í skýrslunni, bæði um brottfall og brautskráningarhlutfall eftir deildum. Í HA í heild er brotthvarf á árunum 2000-2010 að meðaltali 29% á ári (nemendur sem hurfu alfarið úr skólanum, skiluðu sér ekki í nám á öðru ári) en 34% úr deildum (nemendur sem færðu sig milli deilda eða hurfu alfarið úr skólanum). Brotthvarf er minnst úr hjúkrunarfræðideild og hlutfall brautskráðra nemenda er þar hæst. Það skýrist að hluta af samkeppnisprófum en einnig er eftirfylgni með nemendum mest í þeirri deild. Eftir er að greina brotthvarfið enn frekar.

Umræða varð um málið og komu fram ýmsar ástæður og hugsanlegar ástæður fyrir brotthvarfi. Rætt var um hvenær væri mest marktækt að taka stöðuna, fyrsta september eins og hér var gert, eða nokkrum vikum síðar. Nokkrir umræðupunktur:

- Nauðsynlegt er að greina þær orsakir fyrir brotthvarfi frá námi sem háskólinn getur haft áhrif á með aðgerðum af einhverju tagi
- Vinna þarf gegn brotthvarfi fjarnema úr ákveðnum greinum t.d. með því að leiðbeina nemendum um hæfilegt vinnuálag (sbr. nám með vinnu)
- Nýta má niðurstöður kennslumats meira en nú er gert til að auka gæði kennslunnar
- Kennarar kunna að hafa þörf fyrir fræðslu um kennsluáðferðir og -tækni

Solveig gerði grein fyrir könnun um brotthvarf sem gerð var meðal nemenda HA í mars-apríl sl. Í kjölfarið hefur verið ákveðið að auka eftirfylgd með nemendum skólaárið 2011-2012. Fyrsta árs nemendur í nútímafræði og sjávarútvegsfræði, hugsanlega líka í auðlindafræði, fá akademíska handleiðslu til reynslu sem felst m.a. í að hitta kennara sinn í viðtali einu sinni á misseri.

Hugað verður að kennsluráðgjöf og kennslustefnu á fræðasviðunum, t.d. samræmdri framsetningu á Moodle rafræna námsumhverfinu.

Áfram verður unnið úr könnun frá apríl 2011 og til greina kemur að nemendur í félagsfræði taki að sér undirbúning annarrar könnunar og greiningu á svörum. Aðgerðir gegn brotthvarfi verða viðvarandi hluti af gæðastarfi sem fer fram í háskólanum.

Rektor þakkaði Solveigu og Steinunni fyrir.

3. Innritun vorið 2011

Steinunn greindi frá stöðu innritunar 23. júní 2011 með samanburði við sama tíma 2010. Tölur eru sundurliðaðar eftir námsbrautum.

Alls hafa borist 1138 umsóknir frá nýnemum, þar af eru 934 samþykktar og 204 ófullkomnar umsóknir, vantar námsferil ofl.

Enn er opið fyrir umsóknir í allar námsleiðir nema í hjúkrun og iðjuþjálfun.

Áætlaði Steinunn að fjölgun nýnema milli ára gæti orðið um 150 þegar innritunargjöld hafa verið greidd og greindi hún frá á hvaða námsbrautum fjölgun hefur helst orðið. Fram kom að umsóknir í ár eru óvenjulega góðar svo fræðasviðin nýta ekki fulla heimild til inntöku nemenda á undanþágu.

Rektor benti á að æskilegt væri að nemendur í hjúkrunarfræði/iðjuþjálfunarfræði sem ekki komast áfram eftir samkeppnispróf gætu haldið áfram á öðrum námsleiðum og fengið námskeið sín metin. Þakkaði hann Steinunni fyrir.

Solveig og Steinunn fóru af fundi.

4. Skipun stjórnar Végeirsstaðasjóðs, framhald frá síðasta fundi

1105021

Tillaga rektors um skipun í stjórnina var samþykkt. Stjórnin verður þannig skipuð: Astrid M. Magnúsdóttir forstöðumaður upplýsingasviðs, Guðrún M. Kristinsdóttir ritari rektors, Hreinn Pálsson hrl., Stefán B. Sigurðsson rektor og Þorsteinn Gunnarsson sérfræðingur hjá RANNÍS.

5. Mannauðsstefna HA 2011-2014

1107019

Rektor greindi frá ferli stefnunnar (áður „Starfsmannastefna HA“) innan fræðasviða og í stjórnnum og ráðum háskólans. Mannauðsstefna felur einnig í sér aðgerðaáætlun. Rektor sagði æskilegt að tengja aðgerðaáætlun við niðurstöður könnunar um starfsánægju innan HA og gera samanburðarkönnun árið 2014. Háskólaráð samþykkti mannauðsstefnuna.

6. Verklagsreglur um akademísk gestastörf

1107018

Rektor fór yfir reglurnar. Gerð var athugasemd við grein 5 og á hún að hljóða svo: Rektor og forsetar fræðasviða undirrita samningana fyrir hönd háskólans á Akureyri. Verklagsreglurnar voru samþykktar.

7. Tillögur að dagskrá afmælisárs, HA 25 ára 2012

1102085

Rektor kynnti fyrstu *Tillögur að dagskrá afmælisárs* gerðar af þar til skipaðri nefnd sem í eru: Ágúst Þór Árnason aðjúnkt, Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri, Dagmar Ýr Stefánsdóttir markaðs- og kynningarstjóri, Hermann Óskarsson dósent, Kristín Baldvinsdóttir formaður stjórnar FSHA og Þorsteinn Gunnarsson sérfræðingur (formaður).

Í umræðum kom fram sú skoðun að blanda ætti saman upprifjun á sögu og fortíð og sterkri framtíðarsýn, þ.e. fókus á hlutverk háskóla og menntunar í framtíðinni. Rætt var um að landsbyggðarhlutverk og norðurslóðaáherslur HA þurfi að koma skýrt fram og einnig að samhljómur þarf að vera milli stefnu HA 2012-2016 og viðburða afmælisársins, t.d. varðandi framtíðarsýn.

Rektor sagði að unnið yrði áfram að hugmyndum um viðburði afmælisársins.

8. Dómnefndarálit um hæfi Hilmars Þórs Hilmarssonar

1010016

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Gerði hann grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Hilmars til að gegna stöðu prófessors við HA. Niðurstaða dómnefndar er að Hilmar sé hæfur til þess að gegna stöðu prófessors við HA. Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum. Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitið.

9. Önnur mál

1107009

Rektor sagði frá undirbúningi að skipun stefnufndar vegna stefnu HA 2012-2016. Bjarni Jónasson starfsmannastjóri Sjúkrahússins á Akureyri mun leiða vinnuna.

Aðrir í nefndinni verða væntanlega forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri og rektor, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi úr háskólaráði. Fram komu ábendingar um að deildaformenn/brautarstjórar ættu að sitja í stefnufnd og einnig að gæta þyrfti kynjajafnvægis í henni.

Stefnunni mun fylgja aðgerðaáætlun. Byggt verður á stefnu HA 2009-2011 að hluta. Nefndin mun óska eftir hugmyndum og ábendingum frá fræðasviðunum. Nokkrir umræðupunktur varðandi stefnu HA næstu árin:

- Hverjir eru nemendur HA, hverjir ekki?
- Á HA að hafa frumkvæði um að taka upp fræðslu/kennslu sem miðar að bættu siðferði í samfélaginu?
- Á stefnunefnd að kalla til samstarfs þá aðila sem skrifuðu úttektarskýrslu Alþingis vegna bankahrunsins?

Fundir háskólaráðs á haustmisseri voru ákveðnir:

26. ágúst, 23. september, 28. október, 25. nóvember og 16. desember.

Stefnt er að því að halda háskólafund 30. september og ársfund 2. desember.

Næsti fundur háskólaráðs var ákveðinn 7. júlí kl. 12.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.40.